

## AUGLÝSING um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Reykjaneshæjar.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Byggðasafns Reykjaneshæjar.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 24. janúar 2018.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Byggðasafns Reykjaneshæjar.

##### I. KAFLI

##### Um eigendur safnsins, stjórn, rekstur þess og lagaumhverfi.

###### 1. gr.

Byggðasafn Reykjaneshæjar er í eigu Reykjaneshæjar og heimili þess er í Reykjaneshæ.

###### 2. gr.

Menningarráð Reykjaneshæjar er stjórnarnefnd safnsins.

###### 3. gr.

Byggðasafn Reykjaneshæjar starfar í almannapágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Starfsemi þess heyrir undir safnalög, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og skil á menningarverðmætum til annarra landa og önnur lög og sáttmála sem varða starfsemi þess.

###### 4. gr.

Safnið og stjórnarnefnd þess starfa samkvæmt stofnskrá þessari og samkvæmt alþjóðlegum siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

###### 5. gr.

Byggðasafn Reykjaneshæjar hefur sjálfstæðan fjárhag. Reykjaneshær tryggir safninu rekstrarfē samkvæmt fjárhagsáætlunum ár hvert. Það fé sem safnið aflar sjálft, með styrkjum, tekjum eða gjafafé rennur óskipt til safnsins sjálfs. Reikningar safnsins eru hluti af reikningshaldi Reykjaneshæjar og eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

###### 6. gr.

Stjórnarnefnd safnsins tryggir að starfsaðstaða safnsins sé viðunandi, að fjármögnun safnsins sé tryggð, unnið sé samkvæmt samþykktri stefnumótun safnsins, lögum og siðareglum og að safnið haldi sjálfstæði sínu.

###### 7. gr.

Safnstjóri vinnur í umboði stjórnar safnsins. Hann ber ábyrgð á að safnið starfi innan ramma fjárhagsáætlunar, að starfsmannastefna Reykjaneshæjar sé virt og aðrar samþykktir bæjarins sem við eiga. Þá vinnur hann að stefnumótun safnsins í samvinnu við stjórn safnsins.

Hann ber faglega ábyrgð á rekstri safnsins, tekur ákvarðanir um söfnun og grisjun safnkosts, um útlán og innlán safnkosts, um umbúnað safnkosts, forvörlu og öryggi hans. Þá sér hann um rannsóknir á vegum safnsins og miðlun.

## 8. gr.

Auglysing og ráðning safnstjóra fer fram samkvæmt starfsmannastefnu Reykjanesbæjar. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun á sviði menningarsögu og/eða safnafræða.

**II. KAFLI**  
**Um starfssvið Byggðasafns Reykjanesbæjar.**

## 9. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar aflar heimilda, safnar, skráir, varðveitir, rannsakar, miðlar, vekur athygli á og sinnir sögu þess samfélags sem sveitarfélagið Reykjanesbær nær yfir.

## 10. gr.

Lögð er áhersla á að safna frumgögnum, efnislegum og óefnislegum. Safnað er samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti. Tekið er á móti gripum samkvæmt verkferlum safnsins og reglum höfuðsafns. Allir gripir skulu skráðir í viðurkennda safnskrá og skal safnskráin vera aðgengileg almenningi. Ekki er heimilt að taka við gripum sem kvaðir fylgja.

## 11. gr.

Safnkostur safnsins skal ætíð varðveittur í húsakynnum safnsins, þó er heimilt að lána út gripi samkvæmt útlánareglum safnsins. Öryggi og varðveisla safnkosts sem og viðgerðir, forvarsла og fyrirbyggjandi forvarsла er samkvæmt verkferlum safnsins og reglum höfuðsafns.

## 12. gr.

Safnið sinnir og tekur þátt í rannsóknum er varða starfssvið safnsins, samkvæmt rannsóknaráætlun sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

## 13. gr.

Safnið skal vera aðgengilegt almenningi og opið á auglýstum tíma. Sérstaklega skal sinnt fræðslu til skólanemenda. Miðlunarstarf safnsins er samkvæmt miðlunaráætlun sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

## 14. gr.

Húsnaði safnsins skal uppfylla kröfur um öryggi og aðgengi allra eins og kostur er.

**III. KAFLI**  
**Samstarf og styrktarfélög.**

## 15. gr.

Lögð er áhersla á samstarf við aðrar stofnanir Reykjanesbæjar og við félög og íbúa svæðisins. Eins er áhersla lögð á samstarf við sambærilegar stofnanir utan sveitarfélagsins, innanlands sem utan.

## 16. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag (eitt eða fleiri) við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Skal aflaté sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð sem er árlega ætlað til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar.

## 17. gr.

Heimilt er að gera þjónustusamninga og/eða samstarfssamninga enda sé um skylda starfsemi að ræða.

Nr. 147

24. janúar 2018

IV. KAFLI  
**Um lokun safnsins og samþykkt stofnskrár.**

18. gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur allur safnkostur þess til Þjóðminjasafns Íslands en aðrar eigur til Reykjaneshæjar í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

19. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykkt stjórnarnefndar safnsins, menningarráðs Reykjaneshæjar. Heimilt er að endurskoða hana enda séu þær breytingar samþykktar af meirihluta menningaráðs Reykjaneshæjar.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2018